

BORGARRÁÐ 19. október 2023: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um ofbeldi meðal barna þar sem notuð eru eitrefni – MSS23100167

Í ljósi fréttu um ofbeldi meðal barna þar sem notuð eru eitrefni óskar fulltrúi Flokks fólksins eftir upplýsingum um viðbrögð skóla- og frístundasviðs og barnaverndar Reykjavíkur. Nú eiga flest stálpuð börn síma og hafa aðgang að Internetinu. Á netinu er að finna mikinn fróðleik en einnig skaðlegt efni þ.m.t. myndefni. Þar er ekki aðeins að finna gróft klámefni heldur einnig upplýsingar um hryðjuverk og hryðjuverkastarfsemi. Hægt er sem dæmi að finna leiðbeiningar um hvernig búa á til sprengjur og fleiri skaðleg drápstól.

Greinargerð:

Flokkur fólksins hefur ítrekað lagt fram tillögur og hafið umræðu um að taka þurfi ofbeldi meðal barna alvarlega en fundist hann tala fyrir daufum eyrum. Ekki er lengur við það unað. Flokkur fólksins gerir þá kröfu til borgaryfirvalda að þau beiti sér sem yfirvald og vinni þétt með skólayfirvöldum í þessum þungu málum.

https://www.mbl.is/mogginn/bladid/innskraning/?redirect=%2Fmogginn%2Fbladid%2Fgrein%2F1846766%2F%3Ft%3D888724478&page_name=grein&grein_id=1846766